

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 309. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 6. júní 2018 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 296. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 15. maí 2018.
- 2) Fundargerð 163. fundar menningarnefndar, dags. 22. maí 2018.
- 3) Fundargerðir 190., 192., 194. og 195. fundar fræðslunefndar, dags. 31. janúar og 5. október 2017 og 2. og 3. maí 2018.
- 4) Fundargerð 115. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. júní 2018.
- 5) Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf., dags. 29. maí 2018.
- 6) Fundargerðir 402. og 403. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. mars og 23. apríl 2018.
- 7) Fundargerðir 859. og 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. apríl og 18. maí 2018.
- 8) Kauptilboð í Ólafsbraut 64.
- 9) Kaupsamningur og afsal um Ólafsbraut 62.
- 10) Bréf frá Lárusi Skúla Guðmundssyni, dags. 31. maí 2018, varðandi lóðarleigu.
- 11) Bréf frá Nesver ehf., dags. 1. júní 2018, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að Þosteini SH-145, sknr. 2826.
- 12) Bréf frá Gauti Hansen og Eiríki Gautssyni, dags. 30. apríl 2018, varðandi lagfæringu á vegarkafla við Dalbraut 2 í Ólafsvík.
- 13) Bréf frá Öryggisnefnd Grunnskóla Snæfellsbæjar, dags. 9. maí 2018, varðandi aukið umferðaröryggi skólabarna við íþróttahúsið í Ólafsvík.
- 14) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. maí 2018, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Scaritas ehf. um leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki II, veitingahús, í Samkomuhúsinu Snæfelli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
- 15) Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 1. júní 2018, varðandi þátttöku Snæfellsbæjar í framkvæmdum á lóðarmörkum.
- 16) Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 2. maí 2018, varðandi verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.
- 17) Bréf, dags. 1. maí 2018, varðandi aldarafmæli sjálfstæði og fullveldis Íslands, ásamt kynningu á fræðsluefni á vefnum www.fullveldi1918.is.
- 18) Bréf frá Óskari Magnússyni, dags. 2. maí 2018, varðandi starfsemi landsamtaka landeigenda á Íslandi.
- 19) Bréf útgerða dragnótabáta í Snæfellsbæ til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, ódags., varðandi lokanir svæða fyrir króka- og dragnótaveiðar á grunnslóð.
- 20) Bréf frá Jafnréttisstofu, dags. 29. maí 2018, varðandi skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum.
- 21) Bréf frá Inspectionem, dags. 27. apríl 2018, varðandi aðstoð við brunavarnaáætlanir.
- 22) Bréf frá IOGT, dags. 2. maí 2018, varðandi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).
- 23) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 4. júní 2018
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

296. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 15. maí 2018 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:30.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Júniana Björg Óttarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bærarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 7. maí 2018, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Sindra Hrafns Friðþjófssonar um leyfi til að reka gististað í flokki II, minna gistiheimili að Háarífi 3 í Rífi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Sindra Rafns Friðþjófssonar um leyfi til að reka gististað í flokki II, minna gistiheimili, að Háarífi 3 í Rífi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 2) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. maí 2018, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Viator ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús að Kjarvalströð 13 á Hellnum, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Viator ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús, að Kjarvalströð 13 á Hellnum, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 3) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. maí 2018, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Viator ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús að Kjarvalströð 7 á Hellnum, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Viator ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús, að Kjarvalströð 17 á Hellnum, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 4) **Bréf frá Heimi Þór Ívarssyni, dags. 7. maí 2018, varðandi umsókn um styrk vegna garðveggjar við Fossabrekku 4 í Ólafsvík.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela tæknideild Snæfellsbæjar að athuga betur hvernig málum er háttáð áður en ákvörðun verður tekin.
- 5) **Bréf frá Eggerti Bjarnasyni og Helen Billington, dags. 23. apríl 2018, varðandi ósk um skólavist utan lögheimilis.**
Sjá trúnaðarmálabók.
- 6) **Bréf frá Félagi eldri borgara, dags. 3. maí 2018, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi vegna jólabasars þann 25. nóvember 2018.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða enda fellur það undir reglur bærarstjórnar um niðurfellingar á húsaleigu félagsheimilanna. Bæjarráð tekur fram að niðurfellingin á einungis við um leigu, en ekki þríf, gjöld eða annan kostnað sem til gæti fallið.
- 7) **Umsóknir um hundaleyfi:**
 - a) **Helgi Már Bjarnason sækir um að fá að halda hundinn Dropa.**
Bæjarráð samþykkir umsóknina samhljóða.


- b) Kári Viðarsson sækir um að fá að halda hundinn Snáða.
Bæjarráð samþykkir umsóknina samhljóða.
- 8) Bréf frá Yfirfasteignamatnefnd, dags. 2. maí 2018, varðandi Kólumbusarbryggju 1.
Lagt fram til kynningar.
- 9) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 10. apríl 2018, varðandi ósk um að fá að afskrifa ógreidd opinber gjöld. Lagt fram á fundinum.
- a) Afskriftarbeiðni nr. 201802131037316
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða. Sjá trúnaðarmálabók.
- b) Afskriftarbeiðni nr. 201803061057357
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða. Sjá trúnaðarmálabók.
- c) Afskriftarbeiðni nr. 201803121206116
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða. Sjá trúnaðarmálabók.
- d) Afskriftarbeiðni nr. 201803131144578
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða. Sjá trúnaðarmálabók.
- 10) Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar þann 26. maí 2018.
Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðan kjörskrárstofn. Á kjörskrá eru 1133 einstaklingar, 361 í Hellissands- og Rífskjördeild, 668 í Ólafsvíkurkjördeild og 104 í Staðarsveitar- og Breiðuvíkurbjörkjördeild.
- Ennfremur samþykkti bæjarráð samhljóða eftirfarandi bókun:
„Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða að fela bæjarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er bæjarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna sveitarstjórnakosninga 26. maí nk. í samræmi við 10. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.“
- 11) Minnispointar bæjarstjóra.
- a) Bæjarstjóri sagði frá því að framkvæmdir við Ólafsvíkurvöll ganga vel.
- b) Snæfellsbær var að taka í notkun nýja heimasíðu á slóðinni snb.is.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:05


Kristjana Hermannsdóttir


Jónína Björg Ottarsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Fríða Sveinsdóttir


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Menningarnefnd, fundur nr 163

Fundur Menningarnefndar haldinn þann 22.maí 2018 kl. 17.00 á veitingastaðnum Hrauni.

Mætt:

Erla Gunnlaugsdóttir formaður

Jón Kristinn Ásbjörnsson

Gunnsteinn Sigurðsson

Ragnheiður Víglundsdóttir

Efni :

1. Umsókn frá Karlakórnum Kára
2. Umsókn frá Kolbrúnu Ósk Pálsdóttur fyrir Sandara- og Rifsaragleði 2018

Ákveðið var að styrkja Karlakórinn Kára vegna 10 ára starfsafmælis kórsins kr. 180.000.-

Kórinn hélt afmælistónleika þann 13.maí sl mikið var lagt í tónleikana. Gestir kórsins voru Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Elmar Gilbertsson, Lárus Hannesson og Karlakórinn Heiðbjört. Jafnframt var sviðið stækkað í Félagsheimilinu Klifi.

Ákveðið var að styrkja Sandara- og Rifsaragleðina sumarið 2018 kr. 200.000.-

Rætt var um Snæfellsbæing ársins árið 2018

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

190. fundargerð fræðslunefndar haldinn á Hellissandi 31.janúar 2017

Mætt Örvar Marteinnsson, Gunnar Ólafur Sigmarsson, Steiney Kristín Ólafsdóttir, Þórunn Hilma Svavarsdóttir

Valentina- tónlistarskóli

- í febrúar tónfundur
- nótan í mars, fjórir nemendur
- vorpróf í lok mars

Hilmar - GSNB, Guðríður áheyrnarfulltrúi

- rætt um útvarp GSNB, gekk ljómandi vel
- rætt um niðurstöður samræmdra prófa
- 21.ágúst er sameiginlegur námskeiðsdagur leikskóla og grunnskóla Snæfellsbæjar.
- rætt um tungumálaörðugleika barna af erlendu bergi og samstarf grunnskóla og leikskóla Snæfellsbæjar til að taka á því máli.

Ingigerður, Adela - Leikskólar SNB

- Umbótaáætlun vegna ytra mats á starfsemi Leikskóla Snæfellsbæjar lögð fram til kynningar, fskj.272
- Lagðar fram niðurstöður könnunar Hljóm-2, fskj. 273

Fleira ekki gert og fundi slitið 19.54

192.fundargerð fræðslunefndar haldinn á Hellissandi 05.okt 2017

Mætt Örvar Marteinson, Ari Bent, Hilmar Már Arason, Valentina Kay, Ingigerður Stefánsdóttir, Hermína K. Lárusdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Þórunn Hilma Svavarsdóttir.

Formaður setur fundinn

- Minnispunktar skólastjóra GSNB
- 230 nemendur í GSNB - 8 börn í leikskólaseli Lýsu.
- starfsáætlun 2017-2018 lögð fram, hægt að nálgast fskj.274 á heimasíðu skólans.
- farið yfir framkvæmdir skólahúsnæða

Tónlistarskóli - Valentina

- minnispunktar stjórnanda
- 67 nemendur í skólanum, þar af 9 fullorðnir

Leikskólar- Ingigerður, Hermína og Guðrún

- minnispunktar stjórnenda
- foreldrahandbók leikskóla Snæfellsbæjar lögð fram fskj.275
- skólanámskrá leikskóla Snæfellsbæjar lögð fram, fskj.276
- skóladagatal 2017-2018 lagt fram, fskj.277
- verkferlar vegna slysa lagðir fram, fskj.278
- varðandi framkvæmdir var ekkert gert í viðhaldi leikskóla Snæfellsbæjar.
- leikskólar Snæfellsbæjar hafa sótt um að vera Leikur að læra leikskóli.

Önnur mál

Bréf barst frá Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) vegna ályktunar um stöðu leikskólabarna, fræðslunefnd til umfjöllunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið

194.fundargerð fræðslunefndar haldinn á Hellissandi 02.mái 2018

Mætt Örvar Marteinson, Hilmar Már Arason, Guðríður áheyrnarfulltrúi, Gunnar Ólafur Sigmarsson, Ari Bent, Steiney Kristín Ólafsdóttir og Þórunn Hilma Svavarsdóttir.

Formaður setur fund

- lögð fyrir drög að skóladagatali
- viðhaldsáætlun GSNB rædd, fskj.280
- Rætt um fjölmenningu

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21.20

195. fundur fræðslunefndar haldinn í Krílakoti Ólafsvík 03.05. 2018 kl. 18:00

Mættu: Steiney Kr Ólafsdóttir, Örvar Marteinnsson, Gunnar Óli Sigmarsson, Ingigerður Stefánsdóttir, Hermína Lárusdóttir og Valentina Kay

Örvar Marteinnsson ritar fundargerð

1. Leikskólastjóri:

- Leikskólastjóri leggur fram og fer yfir ársskýrslu Leikskóla Snæfellsbæjar
- Umræður um vandamál varðandi skort á íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Brýnt er að bregðast við með öllum ráðum.
- Stakur starfsdagur (þ.e. ekki samræmdur með grunnskóla) verður 19. Október.

2. Tónlistarskólastjóri

- Í febrúar voru tónfundir
- Vorprófin voru í apríl og gengu vel
- 2. Maí voru vortónleikar fullorðinna nemenda
- 7. Maí kl 17 verða Vortónleikar tónlistarskólans í Klifi
- 23. Maí verða vortónleikar tónlistarskólans á Lýsuhóli
- Þann 19. Maí bauð foreldrafélagið Aroni Hannesi að koma og syngja fyrir nemendum tónlistarskólans
- Tónmenntarkennsla verður í grunnskólanum næsta vetur
- Innritun í tónlistarskólann verður í ágúst með hefðbundnu sniði

Fundi lokið með skoðun á húsnæði leikskólans kl 18:50

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 115115. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 1. júní 2018
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Davíð Viðarsson Ritari og Matthías Páll Gunnarsson Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. 1805008 - Brautarholt 30_Guðlaugur Gunnarsson óskar eftir að lóð hans verði minnkuð skv. meðfylgjandi lóðarblaði
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
2. 1805009 - Lýsuhólslaug_Snæfellsbær sækir um byggingarleyfi fyrir nýrri laug í stað þess eldri skv. teikningum
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
3. 1805007 - Traðir_Á-Eyrunum ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir 3x sumarhúsum og reiðskemmu
Umhverfis- og skipulagsnefnd heimilar byggingarfulltrúa að ganga frá byggingarleyfi að frágægnu deiliskipulagi.
Gera þarf grein fyrir aðgangi að nægu slökkvivatni í deiliskipulagi.
4. 1805006 - Ennisbraut 11_Sigurlaug Konráðsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir söluvagn á bílapani sundlaugarinnar
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið til prufu á tímabilinu júní til 15. ágúst að undangenginni grenndarkynningu.
Gera þarf grein fyrir söluvarningi.
5. 1805005 - Ennisbraut, við bæjarmörk vestan megin (við hlið Ennisbrautar 37)_Sigurlaug Konráðsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir söluvagn
Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu vegna umferðaröryggis.
6. 1805003 - Fellaslóð 4_Go west ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir 15 fm. þjónustuhús á lóðinni til vors 2019

777

MB

Mik

ES

MPG

Dsf
1

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Erindið fellur niður.

7. 1805001 - Félagsheimilið Röst_Brekka matvagn óskar eftir stöðuleyfi fyrir matvagn á Sandaragleðinni, föstudags-og laugardagskvöld

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

8. 1805010 - Umhverfisstofnum sækir um stöðuleyfi fyrir þjónustuhús við Vatnshellinn. Deiliskipulagstillaga fylgir umsókninni

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi en ítrekar við Umhverfisstofnun að láta klára deiliskipulagið.

Einnig er óskað eftir skýringu á því hvernig salernismálum verði háttað.

9. 1805004 - Aukið umferðaröryggi skólabarna við íþróttahúsið í Ólafsvík_Öryggisnefnd Grunnskóla Snæfellsbæjar sendi inn tillögur að bættu öryggi barna í kringum íþróttahúsið í Ólafsvík

Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar fyrir frumkvæði og ábendingar og felur byggingarfulltrúa að vinna að úrlausn mála með öryggisnefndinni og koma þeim í framkvæmd.

10. 1805011 - Gámamál

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

11. 1804013 - Önnur mál - umhverfis- og skipulagsnefnd 2018

Byggingarfulltrúa er falið að skrifa Vegagerðinni bréf. Erindi: Merkingar á rúlluhið á Útnesveg, vegrið á brúna yfir Höskuldará. Klára hraðahindranir og hámarkshraða á Ennis- og Ólafsbraut. Nefndin vil að hámarkshraði verði 35 km/klst í þéttbýli Snæfellsbæjar. Nefndin lýsir ánægu sinni með að búið er að mála hvítar heilar línur í vegkanta frá Borgarnesi að Vegamótum og óskar eftir að haldið verði áfram með þá vinnu út Snæfellsnesveg og Útnesveg. Einnig verði hugað að útskotum á þessum vegum.

Nefndin felur byggingarfulltrúa að senda harðort bréf til eftirtalina aðila: Hellisbraut 20 (bátahöll), Snoppuveg 4 (Þrif og þjónusta) og Naustabúð 3 (Snæbjörn). Einnig verði farið í hreinsunaráttak á gömlum bílhræjum og fleiru óæskilegu drasli og nota til þess öll tiltæk ráð.

Nefndin fer fram á að heilstætt deiliskipulag umferðar og gangandi verði útbúið fyrir Arnarstapa. Einnig að hugað verði að lóð sveitarfélagsins framan við félagsheimili. Huga verði að betrum bótum á vegi í sumarhúsaumhverfum á Arnarstapa og skorar á bæjarstjórn að setja fjármagn í þessar betrum bætur og komi þessum verkefnum í framkvæmd sem fyrst.

Byggingarfulltrúi kynnt einnig mögulega þjónustulóðir eftst á Arnarstapa, stöðuna á Sölvaslóð 1 og Ólafsbraut 66.

Fyrirspurn frá Pétri: Í hvers umsjá er viðhald á götunni á veitingahúsinu

F77

MB

Mk


PS

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Hrauni í Ólafsvík og Grundarbraut 4a og 6b. Málið verði kannað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.

Flokkurinn Tannur
Margrét Björk Björnadóttir.
Halldís K. Linnarsson


Pjetur S. Jónsson

Jeratún ehf. kt. 501203-2030

Fundargerð aðalfundar

Aðalfundur Jeratúns ehf., haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðar þriðjudaginn 29. maí 2018, kl. 13:30.

Fundinn sátu: Sturla Böðvarsson, formaður, Kristinn Jónasson, Hinrik Konráðsson og Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður sett fund og gengið var til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður gerði tillögu um Sturlu Böðvarsson sem fundarstjóra og Sigurlaugu R. Sævarsdóttur sem fundarritara.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Til hans var boðað með lögbundnum hætti samkvæmt ákvæðum samþykka félagsins og laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Viðstaddir voru fulltrúar 99% hlutafjár í félaginu.

2. Rekstur félagsins á liðnu starfsári

Formaður fór yfir starfsemi félagsins á starfsárinu.

3. Ársreikningur 2017

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2017 lagður fram til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

4. Stjórnarkjör

Tillaga um Sturlu Böðvarsson, sem formann, Kristinn Jónasson og Hinrik Konráðsson í stjórn Jeratúns ehf. Tillaga að varamönnum; Hafdís Bjarnadóttir, Björn Hilmarsson og Rósa Guðmundsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

5. Kosning endurskoðanda

Lagt til að Deloitte ehf. sjái um endurskoðun á ársreikningi félagsins.

Samþykkt samhljóða.


6. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar

Lagt er til að rekstrarhagnaður ársins verði færður til hækkunar á eigin fé.

Samþykkt samhljóða.

7. Beiðni um hlutafjárukningu

Tillaga um að hlutafé Jeratúns ehf. verði aukið um 8.000.000 kr., úr 263.500.000 kr. í 271.500.000 kr.



Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Húsaleigusamningur við menntamálaráðuneytið. Umræður um samninginn frá árinu 2003 og viðauka við hann frá 2004 og 2014.


Stjórn Jeratúns ehf. felur formanni að leita eftir viðræðum við menntamálaráðuneytið vegna húsaleigu.

Samþykkt samhljóða.


Umræður um fermetrafjölda og fasteignaskatt vegna spurninga frá leigutaka. Vísað er til ákvæða 6. gr. húsaleigusamnings frá 2003.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.


Fundi slitið kl. 13:47.




Kristinn Jónasson



Sturla Böðvarsson



Hinrik Konráðsson



Sigurlaug R. Sævarsdóttir

Fundargerð 402. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, mánudaginn 19. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Hlaðbúð.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Sigrún Árnadóttir og Lúðvík Geirsson. Í símasambandi vour Björn Arnaldsson, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir og Ólafur Þór Snorrason,

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 401. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 26. febrúar 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2017 - 1712004HA

Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambandsins fyrir árið 2017.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

3. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Lögð fram til kynningar drög að dagskrá.

4. Vorfundur 2018 - 1803002HA

Rætt um vorfund stjórnar sem haldinn verður 28.-29. maí nk.

5. Fjarfundabúnaður á námskeiðum - 1709010SA

Lagur fram til kynningar tölvupóstur frá Neytendastofu, dags. 15. febrúar 2018, þar sem upplýst er að stofnunin hefur tekið í gagnið nýjan fjarfundarbúnað sem auðveldar Neytendastofu að bjóða upp á að fleiri útstöðvar tengist inn á vigtarnámskeiðin í einu.

6. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 3. fundar Siglingaráðs frá 5. mars 2018. Einnig lögð fram til kynningar dagskrá 4. fundar ráðsins.

7. **Frumvarp til laga um siglingavernd og loftferðir - laumufarþegar, stjórnáslög, bakgrunnsathuganir o.fl. - 1803001HA**

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. mars 2018, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um siglingavernd og loftferðir (laumufarþegar, stjórnáslög, bakgrunnsathuganir o.fl.), 263. mál.

Formanni falið að útbúa umsögn.

8. **Endurvigtun - 1801008HA**

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála varðandi endurvigtun en hugmyndir eru uppi um að Fiskistofa taki við því verkefni.

Formanni falið að taka málið upp við Fiskistofustjóra.

9. **Förgunargjald - 1605003_1HA**

Rætt um reynslu af nýjum sorpgjöldum en framkvæmd sorpmála hefur almennt gengið vel eftir breytingu á fyrirkomulagi og gjaldskrá hafna.

10. **Fiskmarkaðir á Íslandi - 1802003HA**

Rætt um fiskmarkaði og fyrirkomulag Reiknistofu fiskmarkaða og hvaða áhrif breytingar geta haft á starfsemi hafna hér á landi.

11. **Þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 - 1803003HA**

Rætt um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árið 2018-2024 en í henni kemur fram að eyrnamerkja eigi 20 m.kr. á ári, fyrir árin 2019-2023, í rafvæðingu hafna.

Fundi var slitið kl. 12:15

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Pór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 403. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, mánudaginn 23. apríl kl. 10:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson. Ásthildur Sturludóttir var í símasambandi.

Guðný Sverrisdóttir og Guðmundur Kristjánsson boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 402. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. mars 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Endurskoðun reglugerðar nr. 789/1999 um fráveitur og skólp - óskað umsagnar - 1709001HA

Lögð fram drög að reglugerð um fráveitur og skólp sem er til umsagnar á Samráðsgáttinni.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga um að frárennsli verði ekki veitt að höfnum meðal annars með tilliti til umhverfismála og hagsmunum fyrirtækja í matvælaframleiðslu.

3. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 - 1803003HA

Lögð fram til kynningar stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024.

4. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Rætt um tímasetningar á stjórnarfundum fram að hafnasambandsþingi.

Næstu fundir stjórnar verða:

28. maí

27. ágúst

2. október

25.-26. október

Hugsanlega verður bætt við fundi í júní ef þarf.

Ólafur Snorrason kom inn á fundinn kl. 10:30.

5. 100 ára afmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands 2018 - 1708001HA

Stjórn beinir því til aðildarhafna að minnast fullveldisafmælis á viðburðum sínum í ár með hliðsjón að mikilvægi hafna.

6. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Lögð fram til kynningar drög að dagskrá.

7. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 1704004HA

Rætt um stöðu mála frá 401. stjórnarfundum hafnasambandsins þar sem fjallað var um gjaldskrár hafna vegna fiskeldisfyrirtækja.

Birni og Lúðvík falið að ýta eftir að boðaður verði fundur í samráðshópnum og þeim falið að taka málefni fiskeldis upp á fundinum. Einnig var formanni falið að móta bréf til að senda á ráðuneytið vegna málefna fiskelda.

8. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1608002HA

Lögð fram tölvupóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 20. apríl 2018, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samþykkt að senda frumvarpið, ásamt fyrri umsögn hafnasambandsins á aðildarhafnir og óska eftir athugasemdum ef einhverjar eru fyrir 2. maí nk.

9. Öryggisráðstefna Siglingaráðs - 1712001HA

Formaður sagði frá öryggisráðstefnu Siglingaráðs sem haldin var 20. apríl sl. Lagði hann áherslu á að hafnasambandið setji öryggismál á oddinn og að þau verði tekin upp á hafnasambandsþingi í haust.

10. Frumvarp til laga um siglingavernd og loftferðir - laumufarþegar, stjórnarsýslulög, bakgrunnsathuganir o.fl., 263. mál - óskað umsagnar - 1803001HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann sat með atvinnu- og umhverfisnefnd vegna frumvarps um siglingavernd.

11. Vorfundur 2018 - 1803002HA

Rætt um vorferð stjórnar 2018 sem verður 28. -29. maí. Í ár mun stjórn heimsækja nokkrar hafnir á Austurlandi.

Fundi var slitið kl. 12:00

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 859. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 27. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Heiða Björg Hilmisdóttir í fjarveru Skúla Helgasonar sem boðaði forföll, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Anna G. Björnsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 858. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 858. fundar stjórnar sambandsins frá 23. mars 2018.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 112. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 9. apríl 2018.

Heiða Björg Hilmisdóttir kom inn á fundinn kl. 12:35.

3. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 42. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 16. apríl 2018.

Vakin var athygli stjórnar á því að lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir ásamt lögum um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga voru samþykkt á Alþingi 26. apríl sl. Á fundinum var lagt fram stutt yfirlit um áhrif lagabreytinganna.

4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 44. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 21. mars 2018.

Sigurður Björn Blöndal fór af fundi kl. 12:55.

5. **Akureyrarkaupstaður - ósk um fjárhagslegan stuðning vegna dómsmáls - 1804020SA**

Lögð fram umsögn sviðsstjóra og lögfræðings kjarasviðs sambandsins, dags. 16. apríl 2018, um ósk um fjárhagslegan stuðning til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmáls á sviði vinnuréttar.

*Samþykkt samhljóða að hækka fjárheimild í fjárhagsáætlun vegna stuðnings við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar um 1.500.000 kr. Stjórn leggur jafnframt til að reglurnar verði teknar til endurskoðunar.
Eiríkur Björn Björgvinsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins sökum vanhæfis.*

6. **Staða kjaramála - 1803041SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. apríl 2018, um stöðu kjaramála í apríl 2018.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samhljóða að veita samninganefnd sambandsins heimild til að semja um allt að 1,4% hækkun til viðbótar umsömdum hækkunum launa í samningum við BHM frá 1. júní vegna launaskriðs sem þegar hefur verið samið um í tilteknum kjarasamningum sambandsins. Aðgerðin er fyrirhuguð til að gæta jafnræðis í launasetningu starfa skv. starfsmati sem gildir í kjarasamningum sambandsins við bæjarstarfsmannafélög o.fl.

7. **Upplýsingastefna og verklagsreglur vegna upplýsinga- og kynningarmála - 1802089SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 20. apríl 2018, um upplýsingastefnu sambandsins, ásamt upplýsingastefnu og verklagsreglum vegna upplýsinga- og kynningarmála.

Stjórn sambandsins samþykkir samhljóða upplýsingastefnu sambandsins og verklagsreglurnar.

8. **Fjárhagsleg áhrif breytinga á ákvæðum grunnskólalaga um frístundaheimili - 1701062SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 23. apríl 2018, um fjárhagsleg áhrif breytinga á ákvæðum grunnskólalaga um frístundaheimili, ásamt fylgiskjali frá Reykjavíkurborg, dags. 24. apríl 2018, um rekstur frístundaheimila við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík.

Samþykkt að vísa málinu til skólamálanefndar sambandsins til frekari umfjöllunar fyrir næsta stjórnarfund.

9. **Samstarfsyfirlýsing um menntun fyrir alla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi - 1511117SA**

Lögð fram samstarfsyfirlýsing um menntun fyrir alla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, dags. 13. apríl 2018, ásamt aðgerðaráætlun.

10. Styrkir til meistararitgerða 2018 - 1605158SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 20. apríl 2018, um úthlutun meistarastyrkja 2018, ásamt fundargerð úthlutunarnefndar um styrkveitingar til meistaránema frá 9. mars 2018.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samhljóða að styrkja eftirtaldar umsóknir um styrki til meistaránema 2018:

- 1. Hulda Sólveig Jóhannsdóttir: Heilsueflandi samfélag - Innleiðing og framkvæmd lýðheilsustefnu stjórnvalda*
 - 2. Bjarni D. Daníelsson: Stefnumótun og framtíðarsýn svæðisáætlananna í úrgangsmálum - Aðferðir og árangur*
 - 3. Lieslot Simoen: Félagslegt hlutverk leikskólans í fjölmenningsamfélagi*
- Hver styrkur er að fjárhæð 250.000 kr., sbr. fjárhagsáætlun sambandsins 2018.*

11. Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 1604014SA

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 24. apríl 2018, um breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrir sitt leyti breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

12. Landsþing 2018 - 1602044SA

Lögð fram drög að dagskrá XXXII. landsþings sambandsins sem haldið verður daganna 26.-28. september 2018, ásamt tillögu að umræðuhópum á landsþinginu.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra og sviðsstjórum sambandsins að vinna að undirbúningi landsþingsins á grundvelli þeirra dagskrárdraga og annarra gagna sem lögð voru fram á fundinum.

Anna G. Björnsdóttir kom inn á fundinn kl. 14:00.

13. Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019-2023 - 1605096SA

Lagt fram til kynningar samkomulag, dags. 6. apríl 2018, milli fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019-2023.

14. Viðauki við samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 13. apríl 2016 - 1601073SA

Lagður fram til kynningar viðauki, dags. 18. apríl 2018, við samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, ásamt samkomulagi, dags. 13. apríl 2016.

15. Tilnefning í starfshóp um samræmd könnunarpróf - 1803044SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 21. mars 2018, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði eru tilnefnd í starfshóp um samræmd könnunarpróf.

16. Tilnefning í hóp vegna aðgerða í menntamálum - 1803052SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 22. mars 2018, þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir Svandísi Ingimundardóttur, skólamálafulltrúa á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, í verkefnastjórn, Sigurð Á. Snævarr, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, í kostnaðar- og áhættumatshóp, og Helgu Guðrúnu Jónasdóttur, samskiptastjóra sambandsins, í kynningar- og almannatengslahóp, vegna aðgerða ráðuneytisins í menntamálum.

17. Tilnefning í starfshóp um innkaupastefnu opinberra aðila á sviði matvæla - 1803043SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 22. mars 2018, þar sem Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps, og Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra, eru tilnefnd í starfshóp um innkaupastefnu opinberra aðila á sviði matvæla.

18. Tilnefning í starfshóp um ákominn heilaskaða - 1803016SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 5. apríl 2018, þar sem Líney Úlfarsdóttir, sálfræðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um ákominn heilaskaða.

19. Tilnefning í stýrihóp um könnun á framkvæmd aðgerða vegna áætlunar um loftgæði á Íslandi 2018-2029 - 1803026SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 5. apríl 2018, þar sem Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er tilnefndur í stýrihóp um könnun á framkvæmd aðgerða vegna áætlunar um loftgæði á Íslandi 2018-2019.

20. Tilnefning í samstarfshóp um aukna fagþekkingu, bættu hönnun og samræmingu í merkingum á ferðamannastöðum - 1804006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 9. apríl 2018, þar sem Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri hjá Reykjanes Geopark, er tilnefndur í samstarfshóp um aukna fagþekkingu, bættu hönnun og samræmingu í merkingum á ferðamannastöðum.

21. **Umsögn um forgangslista EES-mála fyrir árið 2018 - 1803037SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til utanríkisráðuneytisins, dags. 16. mars 2018, um forgangslista EES-mála fyrir árið 2018.
22. **Umsögn um drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis - 1802085SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 23. mars 2018, um drög að skýrslu um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, ásamt fylgiskjali.
23. **Kostnaður sveitarfélaga af nýjum lögum um persónuvernd - 1610014SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 26. mars 2018, um kostnað sveitarfélaga af nýjum lögum um persónuvernd.
24. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald - löggæslukostnaður - 1803035SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 28. mars 2018, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (löggæslukostnaður), ásamt fylgiskjali.
25. **Umsögn um fyrirhugaða breytingu á reglugerð um innritun í framhaldsskóla - 1701033SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 28. mars 2018, um fyrirhugaða breytingu á reglugerð um innritun í framhaldsskóla.
26. **Umsögn um frumvarp til laga um endurnot opinberra upplýsinga - 1804001SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 3. apríl 2018, um frumvarp til laga um endurnot opinberra upplýsinga, 264. mál.
27. **Umsögn um þingsályktunartillögu um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga - 1804003SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. apríl 2018, um þingsályktunartillögu um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.
28. **Umsögn um drög að reglugerð um losun frá atvinnurekstri - 1803025SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 5. apríl 2018, um drög að reglugerð um losun frá atvinnurekstri.

29. Umsögn um drög að reglum um skráningu menningarminja vegna skipulags og framkvæmda - 1701046SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. apríl 2018, um drög að reglum um skráningu menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.

30. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamál - 1802075SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 10. apríl 2018, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamál, 389. mál.

31. Umsögn um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur - 1804004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 12. apríl 2018, um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál, ásamt fylgiskjali.

32. Umsögn um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði - 1803055SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. apríl 2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál.

33. Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands - 1803033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 17. apríl 2018, um frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands, 339. mál.

34. Ný persónuverndarlöggjöf, innleiðing í leikskóla, grunnskóla og frístundastarf sveitarfélaga - 1610014SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 20. apríl 2018, um beiðni um styrk í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf, innleiðing í leikskóla, grunnskóla og frístundastarf sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri vakti sérstaka athygli á þessum lið.

35. Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda - 1609026SA

Lagt fram til kynningar bréf samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda, dags. 19. apríl 2018, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir fjárframlagi til þróunarverkefnis um stoðkerfi við starfsþróun í skólum, ásamt fylgiskjölum.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umsókn samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

36. Skýrsla um launamun markaða - 1709033SA

Lögð fram til kynningar skýrslan Launamunur markaða - Skýrsla samráðshóps um gögn og aðferðir til að jafna laun milli almenns og opinbers vinnumarkaðar, dags. í febrúar 2018, ásamt glærukynningu.

Fundi var slitið kl. 14:20

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

Heiða Björg Hilmisdóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 860. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 18. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í símasambandi, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Gunnhildur Ingvarsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar hafði ekki tæk á að mæta.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 859. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 859. fundar stjórnar sambandsins frá 27. apríl 2018.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Fundir Jónsmessunefndar - 1801015SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 26. apríl 2018.

3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA

Lögð fram fundargerð 31. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 4. maí 2018.

4. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 113. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 14. maí 2018.

Eiríkur Björn Björgvinsson kom inn á fundinn kl. 12:30.

5. Kjarasamningar 2018 - 1803041SA

Lagður fram til staðfestingar kjarasamningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 9. maí 2018, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum.

Jónína Erna Arnardóttir vék af fundi undir þessum lið sökum vanhæfis.

Stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga samþykkir kjarasamning milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 9. maí 2018.

6. Móttaka flóttamanna - 1609015SA

Lagt fram til kynningar minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins til félags- og jafnréttismálaráðherra, dags. 14. maí 2018, um samræmt móttökuberli fyrir allt flóttafólk.

7. Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017 - 1803014SA

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017.

8. Umleitun Kínversku vináttusamtakanna um samstarfstengsl - 1711016SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 7. maí 2018, um umleitun Kínversku vináttusamtakanna um samstarfstengsl.

9. Tilnefning í Loftslagsráð - 1804031SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 26. apríl 2018, þar sem Hrönn Hrafnisdóttir, verkefnisstjóri stefnumótunar og þróunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, og Ragnar Frank Kristjánsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar, eru tilnefnd í Loftslagsráð.

10. Tilnefning í Fagstaðlaráð í upplýsingatækni, FUT - 1804024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Staðlaráðs Íslands, dags. 27. apríl 2018, þar sem Vala Dröfn Hauksdóttir, deildarstjóri tölvudeildar Garðabæjar, er tilnefnd í Fagstaðlaráð í upplýsingatækni, FUT.

11. Tilnefning í starfshóp um málefni fanga - 1805001SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 14. maí 2018, þar sem Sigrún Þórarinsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um málefni fanga, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

12. Umsögn um endurskoðuð drög að reglugerð um fráveitur og skólp - 1611011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 24. apríl 2018, um endurskoðuð drög að reglugerð um fráveitur og skólp.

13. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands - 1804037SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 26. apríl 2018, um frumvarp um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, 388. mál.

14. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023 - 1804011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2018, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023, 494. mál.

15. **Umsögn um breytingar á lögum um húsnæðismál - 1804038SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 30. apríl 2018, um breytingar á lögum um húsnæðismál, 469. mál.
16. **Umsögn um frumvarp til laga um Ferðamálastofu - 1804019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 30. apríl 2018, um frumvarp til laga um Ferðamálastofu, 485. mál.
17. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi - 1802002SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 30. apríl 2018, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 457. mál.
18. **Umsögn um breytingar á lögum vegna dvalarrýma og dagdvalar - 1804014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 2. maí 2018, um breytingar á lögum vegna dvalarrýma og dagdvalar, 426. mál.
19. **Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 - 1804030SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 3. maí 2018, um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, 480. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um**
20. **uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029 - 1804029SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. maí 2018, um þingsályktunartillögu um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029, 479. mál.
21. **Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1605107SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. maí 2018, um frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 467. mál.
22. **Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1705024SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 4. maí 2018, um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.
23. **Framlenging á bráðabirgðaákvæði um rafræna íbúakosningu og gerð rafrænnar kjörskrár - 1805013SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. maí 2018, um framlengingu á bráðabirgðaákvæði um rafræna íbúakosningu og gerð rafrænnar kjörskrár.

24. Framlag vegna skuggakosninga - 1709029SA

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 30. apríl 2018, um framlag vegna skuggakosninga, ásamt beiðni sambandsins, dags. 26. mars 2018, um styrk vegna verkefnisins. Einnig lögð fram bókun frá Langanesbyggð, dags. 17. maí 2018, vegna framkvæmdar utankjörfundaratkvæðagreiðslna.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir þá kröfu til dómsmálaráðuneytisins og sýslumannsembætta að þau tryggji að skipulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu henti íbúum í hverjum landshluta án þess að þeir þurfi að ferðast um langan veg. Jafnframt þarf að tryggja að sjómenn eigi kost á því að greiða atkvæði utan kjörfundar. Óásættanlegt er að skortur á þjónustu af hálfu sýslumanna verði til þess að draga úr kjörsókn.

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að hafnar verði sem fyrst viðræður á milli sambandsins, dómsmálaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Þjóðskrár Íslands um nauðsynlegar úrbætur á kosningalöggjöf og framkvæmd kosninga. Í þeim viðræðum verði sérstaklega horft til þess á hvern hátt sé hægt að auka kosningaþátttöku.

25. Greinargerð frá Brussel-skrifstofu - 1601077SA

Lögð fram til kynningar greinargerð forstöðumanns Brussel-skrifstofu sambandsins, dags. 1. maí 2018, um helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2018.

Fundi var slitið kl. 13:20

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari

Kristinn Jónasson

From: Pétur Kristinsson <pk@simnet.is>
Sent: 17. maí 2018 14:52
To: Kristinn Jónasson
Subject: Re: Kauptilboð
Attachments: Ólafsbraut 64 - kauptilboð samþykkt.pdf

Sæll Kristinn

Hér kemur tilboðið samþykkt.

kveðja
Pétur

From: Kristinn Jónasson
Sent: Thursday, May 17, 2018 11:08 AM
To: pk@simnet.is
Subject: Kauptilboð

Sæll Pétur.

Sjá meðfylgjandi.


Kveðja / Regards

Kristinn Jónasson
Bæjarstjóri Snæfellsbæ
E-mail: kristinn@snb.is
Farsími: 894-7575

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 Snæfellsbær

<http://www.snb.is/>

Sími: +354-433-6900
Fax: +354-433-6901



Kauptilboð

Seljandi	Kennitala	Heimili	Farsími	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	661198-3629			100,00%
Kaupandi	Kennitala	Heimili	Farsími	Hlutfall
Snæfellsbær	510694-2449			100,00%



Pátr Kristjánsson hdl. lögilltur
fasteigna- og skiptasali

Fastanúmer	Eignahluti	Byggingarár	Birt stærð	Húsmat	Brunabótamat	Lóðarmat	Notkun
210-3789	01 01 01	1906	198,6	19.320.000	42.950.000	3.830.000	Einbýlishús
210-3789	02 01 01	1977	56,8	1.109.000	9.010.000		Bílskúr

Vátr.fél.seljanda	Vátr.fél.Kaupanda	SAMTALS:	Stærð	Fasteignamat	Brunabótamat	Lóðarmat
Vörður	-		255,4	24.259.000	51.960.000	3.830.000

Kaupverð	Greiðslutíðgun A	Yfirteknar skuldir B	ÍLS veðbréf	Skuldabréf veðleyfi	Skuldabréf
9.500.000	9.500.000				

A. Greiðslutíðgun útborgunar:

Skýring	Fjárhæð
1. Við undirritun kaupsamnings	9.500.000

Lýsing eignar: Afhendingsdagur eignar: við undirritun kaupsamnn.

Húseignin Ólafsbraut 64, Ólafsvík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Nánar er um að ræða 198,6 fm. einbýlishús sem skv. fasteignaskrá er sagt byggt 1906 ásamt 56,8 fm. bílskúr byggðum árið 1977.

Tilboðsgjafi hefur kynnt sér sölufrítt eignarinnar.

Tilboðsgjafi er kunnugur um að húsið er mjög illa farið og er það keypt til niðurrífs.

Tilboðið er gert með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Fyrirvaranum skal rutt úr vegi elgi síðar 8. júní 2018 en ella telst tilboðið fallið niður.

Athygli er vakin á því að seljandi eignaðist eignina á uppboði og þekkir því ekki ástand hennar að öðru leyti en fram kemur í sölufrítti sem er fylgiskjal með kauptilboði þessu og sem tilboðsgjafi staðfestir að hann hafi kynnt sér með undirritun. Seljandi getur ekki veitt frekari upplýsingar um ástand hennar en hægt er að kynna sér við almenna skoðun og skv. sölufrítti. Eignin selst í því ástandi sem hún er í og mun seljandi ekki gera neinar endurbætur á henni fyrir sölu. Væntanlegum kaupendum er því bent á að skoða eignina með það í huga.

A. Þinglýsingarkostnaður kaupanda vegna veðbréfa og kaupsamninga

2018.24 Styrkauglýsing fyrir árið 2019

Nefndin mun í lok árs útfæra hentuga leið til þess að auglýsa eftir styrkumsóknum fyrir verkefni ársins 2019. Með þessu móti getur nefndin tekið ákvörðun um úthlutanir í byrjun næsta árs og tekið betra tillit til þeirra í fjárhagaáætlun.

Framkvæmdaáætlun ársins 2019

	Verkefni	Tímarammi	Ábyrgð á framkvæmd	Forsenda
2019.1	Árangursmat vegna 2018	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2019.2	Ársskýrsla 2018	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
	Endurskoðun			
2019.3	Framkvæmdaáætlunar	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2019.4	Fjárhagsáætlun 2019	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2019.5	Ramsar - eftirfylgni	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Ramsar/efling verndar
2019.6	Lagabreytingar - eftirfylgni	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Lög og reglugerðir/ stækkun svæðis
2019.7	Reglugerðir - eftirfylgni	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Lög og reglugerðir/ stækkun svæðis
	Endurskoðun			
2019.8	Verndaráætlunar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
	Fræðsla og kynning á			
2019.9	verndarsvæði Breiðafjarðar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki og samstarf
2019.10	Örnefnaskráningar	Feb-des	Breiðafjarðarnefnd	Rannsóknir á menningarminjum

Framkvæmdaáætlun ársins 2020

	Verkefni	Tímarammi	Ábyrgð á framkvæmd	Forsenda
2020.1	Verndaráætlun 2020-2025	Jan	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2020.2	Árangursmat vegna 2019	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2020.3	Starfsskýrsla 2019	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
	Endurskoðun			
2020.4	framkvæmdaáætlunar	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2020.5	Fjárhagsáætlun	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2020.6	Ramsar - eftirfylgni	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Ramsar/efling verndar
2020.7	Lagabreytingar – eftirfylgni	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Lög og reglugerðir/ stækkun svæðis
2020.8	Reglugerðir - eftirfylgni	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Lög og reglugerðir/ stækkun svæðis
	Fræðsla og kynning á			
2020.9	verndarsvæði Breiðafjarðar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki og samstarf
2020.10	Örnefnaskráningar	Feb-des	Breiðafjarðarnefnd	Rannsóknir á menningarminjum

Framkvæmdaáætlun ársins 2021

	Verkefni	Tímarammi	Ábyrgð á framkvæmd	Forsenda
2021.1	Árangursmat vegna 2020	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2021.2	Starfsskýrsla 2020	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar

Endurskoðun				
2021.3	framkvæmdaáætlunar	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
2021.4	Fjárhagsáætlun 2021	Jan-feb	Breiðafjarðarnefnd	Rekstur nefndar
Fræðsla og kynning á				
2021.5	verndarsvæði Breiðafjarðar	Jan-des	Breiðafjarðarnefnd	Sýnileiki og samstarf
2021.6	Örnefnaskráningar	Feb-des	Breiðafjarðarnefnd	Rannsóknir á menningarminjum

Lokaorð

Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 eru talin upp fjögur forgangsattriði sem lagt er til að unnið sé að miðað við óbreytt fjárframlög til nefndarinnar. Auk þessara verkefna eru talin upp mun fleiri og stærri verkefni sem nauðsynleg eru til þess að styrkja og viðhalda vernd svæðisins. Þar má meðal annars nefna stækkun og nánari skilgreiningu verndarsvæðis, heildstætt skipulag fyrir svæðið, átak í rannsóknum á lífríki, átak í skráningu á örnefnum, tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá, landvarsla og gestastofa. Það er ljóst að flest þeirra verkefna sem sett eru fram í verndaráætluninni eru óraunhæf miðað við óbreytt fjárframlög og nokkuð víst að það þyrfti að stóruka fjárveitingar til verndarsvæðisins. Þannig myndi skapast svigrúm til þess að ráða sérfræðing til þess að vinna að framgangi verndaráætlunarinnar, enda eru góð áform til lítils án fjármagns.



Snæfellsbær
Klettsbúð 4
Kristinn Jónasson
360 Hellissandi

Reykjavík í maí 2018

Efni: Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Í ár fögnum við aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Í lok árs 2016 skipaði Alþingi nefnd til að fylgja eftir þingsályktun þar um. Nefndin hefur unnið ötullega að undirbúningi og framkvæmd þingsályktunarinnar og hófst afmælisdagskráin í upphafi ársins með frumsýningu á stuttri mynd um fullveldi Íslands. Síðan þá hafa fjölmargir viðburðir verið um land allt og nú er í undirbúningi dagskrárblað fyrir seinni hluta afmælisársins. Blaðið verður borið inn á hvert heimili á landinu og verða kynntir um 250 viðburðir sem fara fram um land allt.

Í þingsályktun er m.a. kveðið á um að afmælisnefnd skuli „hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918“. Á vefsíðu afmælisársins er að finna flokk sem heitir „Hvað viltu vita um 1918?“ og þar er að finna ýmsan fróðleik og námsefni fyrir skóla. Sem dæmi má nefna stuttmyndina Fullveldi Íslands 1918-2018 sem fjallar í stuttu máli um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918, námsbókina 1918 og kennsluleiðbeiningar ásamt fleiru. Ítarlegar upplýsingar um efni flokksins „Hvað viltu vita um 1918?“ eru meðfylgjandi í fylgiskjali 1. Afmælisnefnd hefur átt í samtali við Kennarasamband Íslands og Skólastjórafélag Íslands um þennan þátt þingsályktunarinnar og munu þessi félög aðstoða við að koma upplýsingum um fræðsluefnið á framfæri.

Dagskrá afmælisársins er mótuð af landsmönnum. Síðastliðið haust var kallað eftir tillögum að verkefnum og valin um 100 verkefni af öllu landinu inn á dagskrána og nú eru tæplega 300 viðburðir skráðir á dagskrá afmælisársins. Enn er tækifæri til að taka þátt í afmælisárinu með því að skrá verkefni inn á dagskrárvef afmælisnefndar á slóðinni <https://www.fullveldi1918.is/is/skra-vidburd>. Því á viðburðum enn eftir að fjölga. Afmælisnefnd stendur fyrir öflugum kynningarstarfi á þeim viðburðum sem eru á dagskrá ársins. Sem dæmi má nefna að afmælisnefnd kaupir kynningu á facebook fyrir alla skráða viðburði og tengir viðkomandi við kynninguna ef því verður við komið. Einnig er boðið upp á að setja inn myndir og stuttar fréttir frá undirbúningi viðburða sem og fréttir og myndir að afloknum viðburði. Vikulega sendir afmælisnefnd út rafrænt fréttabréf þar sem dagskrá næstu viku er kynnt.

Afmælisnefnd hefur látið útbúa fána afmælisársins og hvetur til almennrar notkunar á honum á afmælisárinu, t.d. í tengslum við viðburði sem haldnir eru í tilefni afmælisársins, á hátíðisdögum, s.s. 17. júní, 1. desember, á bæjarhátíðum, við menningarstofnanir og af öðrum tilefnum sem gefast á árinu. Afmælisfánana er hægt að kaupa á mjög hagstæðu verði hjá Merkismönnum, upplýsingar um verð og tengilið er að finna í fylgiskjali 2.



Afmælisnefnd fer þess á leit við sveitarfélög í landinu að taka virkan þátt í afmælisárinu, að þau hvetji grunn- og leikskóla til að líta til afmælisársins í störfum sínum og nýta sér fræðsluefni sem er á vefsíðu afmælisnefndar. Jafnframt er hvatt til að í sem flestum sveitarfélögum verði 1. desember haldinn hátíðlegur þar sem áhersla verði lögð á ungt fólk og framtíðina.

Frekari upplýsingar veitir undirrituð.

F.h. afmælisnefndar

Ragnh. Jóna Ingimarsdóttir

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri.

ragnheidurjona@fullveldi1918.is

Símar: 563 0651 og 862 2277.

www.fullveldi1918.is

Fylgstu með okkur á facebook – [Fullveldi Íslands](#)
#fullveldi1918

Fylgiskjöl:

1. Kynning á fræðsluefni afmælisársins
2. Upplýsingar um fána afmælisársins

Til þess sem málið varðar

Reykjavík í maí 2018.

Efni: Kynning á fræðsluefni á vef aldarafmælis fullveldis Íslands www.fullveldi1918.is

Í þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands er afmælisnefnd falið að „*hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918*“.

Á vefsíðu afmælisnefndar er flokkur sem heitir „Hvað viltu vita um 1918?“. Flokkurinn skiptist í þrjá undirflokk: Fræðsluefni og greinar, Námsefni fyrir börn og ungt fólk og Fullveldi Íslands 1918-2018.

1. Flokkurinn „**Fræðsluefni og greinar**“ hefur nú fjóra undirflokk. Fyrsti undirflokkurinn er tengill á grein á Vísindavefnum þar sem spurt er *Hvað getur þú sagt mér um árið 1918?* Annar flokkurinn heitir *Ýmsar greinar* og þar er að finna lista og tengla yfir greinar og bækur sem tengjast fullveldinu og sögu þess. Þriðji flokkurinn er *Sögulegar hagtölur*. Í þessum flokki er samstarf við Hagstofu Íslands sem hefur sett upp sérstakan vef með sögulegum hagtölum og þar stendur til að birta mánaðarlega frétt um ýmsar hagtölur sem tengjast 1918. Fjórti flokkurinn er *Vísindavefurinn* og vísar tengillinn inn á nýjan flokk á Vísindavefnum sem kallast 1918. Er afmælisnefnd í samstarfi við Vísindavefinn og kemur nýtt svar í þennan flokk vikulega allt árið. Einnig er Vísindavefurinn í samstarfi við valda skóla um spurningar, sérstök áhersla er lögð á vísindi. Þegar þetta er skrifað eru komin 19 svör í flokkinn 1918. Afmælisnefnd er einnig í samvinnu við Landsbókasafn Íslands sem heldur úti twitter-síðu sem kallast *#FyrirÖld* og er það fimmti undirflokkurinn á síðunni. Þar er birt ýmislegt áhugavert úr blöðum og tímaritum á árinu 1918.

Þessi hluti vefsíðunnar verður í þróun allt árið og er markmiðið að bæta við ýmsu fræðsluefni eftir því sem líður á árið, s.s. ráðstefnum og fundum sem tekin eru upp á árinu og fjalla um fullveldið frá ýmsum hliðum. Upptökur frá fyrstu ráðstefnunni, Fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð, verða birtar á næstu dögum á vefsvæðinu. Fleiri upptökur munu birtast á þessu svæði þegar líður á árið.

2. Flokkurinn **Námsefni fyrir börn og ungt fólk** hefur nú fimm undirflokk. Fyrstu tveir flokkarnir samanstanda af kennslubókinni *Árið 1918* og kennsluleiðbeiningum. Þriðji flokkurinn er stuttmynd (12 mínútur) um fullveldi Íslands sem afmælisnefnd lét gera á þrem tungumálum, dönsku og ensku auk íslenskunnar. Í myndinni er farið, í stuttu máli, yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918. Fjórti flokkurinn er *Vísindavefurinn* eins og greint er frá hér að ofan. Fimmti flokkurinn er tengill á upplýsingar um þjóðfána Íslands, sögu og notkun, og ábending um bók um fánann. Fleiri flokkar eiga eftir að bætast við, afmælisnefnd er komin í samstarf við KrakkaRÚV og verður allt efni sem þeir hafa gert um 1918 og fullveldið, s.s. útskýringar á hugtökum og sögulegir þættir, aðgengilegt á einum stað. Einnig verður gerður hugmyndabanki um verkefni sem geta tengst fullveldinu, sögu, menningu, þróun o.fl. og verður í einum flokki. Fleiri flokkar gætu bæst við þegar líður á árið og hægt er að senda afmælisnefnd ábendingar um efni sem væri hægt að deila á þessum vettvangi.

3. Flokkurinn **Fullveldi Íslands 1918** hefur að geyma stuttmynd (12 mínútur) sem afmælisnefnd hefur látið gera um fullveldi Íslands 1918–2018. Í myndinni er farið, í stuttu máli, yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918. Myndin er aðgengileg á íslensku, dönsku og ensku.

4. **Önnur verkefni.** Afmælisnefnd í samvinnu við Árnastofun, Listasafn Íslands og Þjóðskjalasafnið stendur fyrir metnaðarfullri sýningu sem opnar 17. júlí nk. og stendur til 1. desember. Umfjöllunarefni sýningarinnar er fullveldi Íslands, forsendur þess og meginþættir í sjálfstæðisbaráttu og sjálfsmynd Íslendinga frá árinu 1918 og til dagsins í dag. Að sýningunni standa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands og Listasafn Íslands. Meðal þess sem sjá má á sýningunni eru nokkur af dýrmætustu handritum þjóðarinnar auk verðmætra skjala og verka sem varpa ljósi á fullveldi þjóðarinnar, forsendur sjálfstæðisbaráttunnar og þann tíðaranda sem ól af sér konungsríkið Ísland árið 1918. Meginmarkmið sýningarinnar er að auka skilning á sögu Íslands og opna jafnframt leiðir fyrir nýja og persónulega túlkun gesta. Áhersla verður lögð á ólíkar miðlunarleiðir og lifandi samtal við fortíðina. Fræðslufulltrúar Árnastofnunar og Listasafns Íslands ásamt sýningarstjóra munu vinna námsefni fyrir grunnskóla og framhaldsskóla í tengslum við sýninguna og í boði verða leiðsagnir fyrir skólahópa. Auk þess verður fræðsluefni tengt sýningunni á vef stofnananna og afmælisnefndar.

Vert er að benda á að Ríkisútvarpið er með metnaðarfulla dagskrá í tengslum við fullveldisafmælið.

Í haust verður þáttaröðin *Fullveldisöldin* (10, 10 mínútna þættir) sýnd á RÚV en þættirnir eru í samstarfi við Saga film. Markmið þáttanna er að vekja athygli á stórum og stefnumarkandi stundum á þessari öld sem liðin er og einblína á konur og karla sem unnu að framþróun samfélagsmála, stjórn mála, menningar og lista á tímabilinu frá því að Ísland fékk fullveldi. Einnig verða aðdraganda fullveldis gerð skil og þar með sjálfstæðisbaráttunni. Þessir þættir hefjast 23. september og verða vikulega á dagskrá sjónvarpsins, einnig verður aðgengilegur tengill á þættina á vefsíðu afmælisársins.

Á vefsíðu afmælisársins er að finna viðburðadagatal fyrir afmælisárið. Hægt er að skrá inn viðburði á dagskrána allt árið og eru skólar hvattir til að skrá inn hátíðarviðburði og verkefni sem haldnir eru í tilefni fullveldisafmælisins. Afmælisnefndin leggur m.a. áherslu á nýsköpun og skilgreiningu á hugtakinu fullveldi. Þannig getur sprottið fram fjöldi verkefna fyrir nemendur þar sem fullveldi einstaklinga er borið saman við fullveldi þjóða, hvatt til nýsköpunar í skoðun sögunnar og ýmissa slíkra verkefna, auk þess sem tilvalið er að nýta fullveldisafmælið fyrir nemendur til að velta fyrir sér hvernig hinir ýmsu þættir mannlífs og samfélags kunna að líta út eftir önnur 100 ár.

Afmælisnefnd kaupir dreifingu á alla viðburði á samfélagsmiðlum og gefur út vikulegt fréttabréf með viðburðum næstu vikuna, hægt er að skrá sig á póstlista á heimasíðu afmælisnefndar.

F.h. afmælisnefndar



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri.

ragnheidurjona@fullveldi1918.is

www.fullveldi1918.is

#fullveldi1918



Afmælisfánar

Samið hefur verið við Merkismenn um gerð fána fyrir afmælisárið. Fánar með hvítum grunni eru í tveim stærðum. 150*108 og 175*126. Fánar með rauðum eða bláum grunni eru í stærð 120x150.

Verð og stærðir á fánunum er eftirfarandi, án vsk.

ljós bakgrunnur	
175*126	
3120.-	
Fyrir 7.m. fánastöng	

ljós bakgrunnur	
150*108	
2450.-	
Fyrir 5-6 m. fánastöng	

dökkur bakgrunnur		
120*150		
3120.-		
Allar stærðir af fánastöngum		

Pantanir sendist á fanar@merkismenn.is.

Tengiliður Símon sími 544 2030

Kristinn Jónasson

From: Óskar Magnússon <om@mo.is>
Sent: 2. maí 2018 16:39
To: Hjördís Björnsdóttir; Hjálmar Þ. Ólafsson; Gunnar Sigurjónsson; Gunnlaugur B. Ólafsson; Halldór Sigurðsson; Haraldur Magnússon; helga Guðmundsdóttir; Helgi Bjarnason; Helgi J. Sigurðsson; Helgi Steinsson; Helgi Þ. Helgason; Hilmar Össurarson; Fallorka ehf.; Finnbogi Harðarson; Finnur Þ. Haraldsson; Albert Jónsson; Fjarðabyggð; Anna Margrét Jónsdóttir; Friðrik Jónsson; Anna María Ragnarsdóttir; Gísli Friðjónsson; Arnar Árnason; Grímsnes-og Grafningshreppur; Arngrímur V. Baldursson; Arnþór B. Traustason; Guðjón Jóhannesson; Árni J. Eypórsson; Guðmundur F. Geirsson; Árni Jónsson; Guðmundur G. Guðmundsson; Ásgeir Árnason; Ásgeir S. Jónsson; Guðmundur J. Viðarsson; Ásgeir Sverrisson; Guðmundur K. Pálsson; Áskell Jónasson; Guðmundur S. Héðinsson; Baldur Rafnsson; Guðmundur Valtýsson; Djúpavogshreppur; Guðmundur Víkingsson; Eggert Kjartansson; Guðmundur Þorsteinsson; Einar G. Pétursson; Guðni Haraldsson; Einar Gunnarsson; Guðný H. Jakobsdóttir; Einar Kolbeinsson; Guðný M. Hauksdóttir; Eiríkur Snæbjörnsson; Guðný Sverrisdóttir; Guðrún M. Valgeirsdóttir; Eydís Franzdóttir; Guðbjartur Gunnarsson; Gunnar G. Magnússon; Eypór Eyjólfsson; Gunnaar Páll Ólason; Fanney Ó. Lárusdóttir; Ragna S. Sveinsdóttir; Páll Pétursson; Norðurorka hf.; Nýibær ehf.; Olga Friðjónsdóttir; Óðinn Sigþórsson; Ólafur A. Jónsson; Ólafur H. Jónsson; Ólafur Magnússon; Ólafur Valsson; Ólöf Sveinsdóttir; Óskar Gunnlaugsson; Jón Tryggvi Helgason; Hjörleifur Sigurðsson; Jón Zimsen; Hrafn Margeirsson; Jónas Jónsson; Hrafnkell Karlsson; Húnavatnshreppur; Jósef G. Kristjánsson; Hörður Hjartarson; Kári Karlsson; Hörgársveit; Keran S. Ólason; Ingibjörg Bjarnadóttir; Kjartan Jónsson; Ingibjörg H. Hafstað; Konráð G. Eggertsson; Ingimar Jóhannsson; Kristinn Gylfi Jónsson; Kristín Thorberg; Jakob Sigurjónsson; kristján E. Jóhannesson; Kristján Hannesson; Jóhann Guðmundsson; Kristján Kristjánsson; Kristján Þórðarson; Jóhannes H. Hauksson; Landeigendur Reykjahlíðar ehf.; Jóhannes Sigfússon; Langanesbyggð; Jóhannes V. Oddsson; Laufey Helgadóttir; Jón Benediktsson; Laufey Valsteinsdóttir; Jón Benediktsson; Lárus Gunnsteinsson; Jón Gíslason; Lárus J. Jóhannsson; Jón Gíslason; Lúðvíg Lárusson; Jón G. Guðbjörnsson; Marta Þorsteinsdóttir; Jón Hrafn Jónsson; Matthildur Hjálmarsdóttir; Jón Pétursson; Matthías S. Lýðsson; Jón Sigurðarson; Dalabyggð; Dagur Jónsson; Bergþór Kristleifsson; Bessi Skírnisson; Bjarni Harðarson; Bjarni Ó. Jónsson; Björn Magnússon; Björn M. Jónasson; Björn S. Stefánsson; Brynja Kristjánsdóttir; Búnaðarsamband Skagfirðinga; Svalbarðsstrandarhreppur; Ragnar Jónsson; Sveinn R. Sigmundsson; Ragnar Þór Árnason; Sverrir Guðmundsson; Rangárþing eystra; Sverrir Sverrisson; Rangárþing ytra; Tómas G. Sæmundsson; Rúnar Þórarinnsson; Vífill Búason; Rögnvaldur Ólafsson; Þingeyjarsveit; Sif Matthíasdóttir; Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir; Sigrún Ólafsdóttir; Þorlákur Ö. Bergsson; Sigrún Sigurgeirsdóttir; Þorsteinn Eggertsson; Sigurður J. Þorbergsson; Þorvaldur H. Þórðarson; Sigurður Jónsson; Þorvaldur P. Hjarðar; Siguður Þ. Árnason; Þórarinn Bjarnason; Sigurður Örn Haraldsson; Sigurgeir B. Hreinsson; Þórir Kjartansson; Sigurgeir Ísaksson; Þórólfur Kristjánsson; Sigurjón Jóhannsson; Þórólfur Sveinsson; Sigurjón Stefánsson; Þórdís Sigurbjörnsdóttir; Sigursteinn Bjarnason; Þrúðmar S. Þrúðmarsson; Sigursteinn Hjartarson; Ævar Hreinsson; Sigvaldi H. Ragnarsson; Örnólfur F. Björgvinsson; Skafti Skírnisson; Skagabyggð; Smári Borgarson; Snorri H. Jóhannesson; Benedikt Ó. Sveinsson; Kristinn Jónasson; Bergvin Jóhannsson; Snævar Guðmundsson; Þórólfur Halldórsson; Borgþór B. Borgarsson; Ellert Pálmason; Eyjafjarðarsveit; Grýtubakkahreppur; Guðmundur Gunnarsson; Jóhann F. Kristjánsson; Jóhann Skírnisson; Jóhannes Kristjánsson; Jónas Pétur Bóasson; Landeigendafélag Geysis ehf.; Þórður Halldórsson; Óskar Magnússon; Ragnhildur Benediktsdóttir

Subject: Landssamtök landeigenda á Íslandi

Til allra félagsmanna í Landsamtökum landeigenda á Íslandi.

Bréf þetta er sent til upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi samtakanna í framhaldi af aðalfundi þeirra 15. mars s.l. Á fundinum voru eftirtalin kjörin í stjórn:

Óskar Magnússon, Sámsstaðabakka, formaður, Sigurður Jónsson, Eyvindartungu, varaformaður, Guðrún María Valgeirsdóttir, Reykjahlíð, gjaldkeri, Björn Magnússon, Hólabaki, ritari, Örn Bergsson, Hofi meðstjórnandi. Til vara voru kjörin: Snorri Jóhannesson, Erlendur Ingvarsson, Þórólfur Sveinsson, Haukur Halldórsson og Elín Líndal.

Þrátt fyrir að þjólendumálin séu langt komin eru framundan allmörg málefni sem varða hag landeigenda miklu og samtökin hyggjast beita sér fyrir.

1. Eignarétturinn.

Enn er ólokið breytingum á nýju náttúruverndarlögunum en þar á eftir að ganga frá nýju ákvæði um almannarétt og þar með talið væntanlega gjaldtöku fyrir aðgang að landi. Afstaða samtakanna í þessu mál er alveg skýr og henni verður áfram fylgt fram af festu. Eignarétturinn er stjórnarskrárvarinn réttur sem ekki verður tekinn af eigendum jarðnaðis. Heimildir ferðaþjónustufyrirtækja til útgerðar á land annarra í gróðaskyni styðjast ekki við hinn forna almannarétt.. Allar slíkar röksemdir eru útúrsnúningur sem ekki veður við unað. Samtökin leggjast ekki gegn réttri beitingu almannaréttar þ.e. takmörkuðum umferðarrétti einstakra manna um nánar skilgreint land eins og hin rétti skilningur er og mun vinna með yfirvöldum í þeim tilgangi að gæta þess að slík skilgreining gildi eins og hingað til.

2. Endurskoðun eignarhalds á bújörðum.

Starfandi mun vera starfshópur á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ofangreint efni. Stjórn LLÍ átti fund með þáverandi ráðherra, 29. mars 2017 og lagði fram minnisblað um efnið. Samtökin eiga ekki sæti í stafshópnum og ekki var fallist á tillögu um að þau fengu fulltrúa í hópnum en samtökin hafa boðist til að taka þátt í hvers konar vinnu um málið.

Efnið er í raun tvíþætt: Annars vegar er fjallað um jarðasöfnun, einkum erlendra manna á jörðum á Íslandi. Hins vegar er um að ræða vandkvæði sem skapast þegar eignarhald jarðar er dreift í óskiptri sameign og eigendur ekki sammála um nýtingu landsins.

Bæði þessi álitaefni eru flókin og víst að ekki sé einróma skoðun um þau innan samtakanna. Engu að síður mun stjórnin gæta hagsmuna félagsmanna með sanngjörnum hætti og efna til funda þegar línur skýrast þar sem unnt verður að skiptast á skoðunum. Er það ekki síður hlutverk samtakanna að vera vettvangur félagsmanna til þess að koma saman í slíkum tilgangi.

Fyrir liggur að óska eftir fundi með nýjum ráðherra um þessi mál.

3. Stjórnarskrármál.

Landsamtökin hafa sent stjórnvöldum ítarlegar greinargerðir og athugasemdir við þau frumvörp og þau drög sem fram hafa komið um breytingu á stjórnarskránni. Þetta eru vönduð gögn þar sem m.a. fjallað er um almannarétt, hugmyndir um þjóðareign auðlinda, valdframsal, náttúruverndarlög o.f.l. Við munum fylgja þessum sjónarmiðum eftir við stjórnvöld.

4. **Ráðgjafarnefnd um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum.** (Ekki er ætlast til að félagsmenn læri titilinn utanað!)

Nefnd þessi var skipuð og fulltrúa okkar ætlað þar sæti en fyrir mistök var hann aldrei boðaður. Eftir að það komst upp, hefur á lokastigum verið haft samband við hann um texta sem ætlunin er að verði í þingsályktunartillögu. Við höfum lagt til breytingar á þeim texta en þegar þetta er ritað er ekki vitað hvort tekið hefur verið tillit til okkar. Hafi það ekki verið gert er ólíklegt að samtökin riti undir skjalið með nefndinni.

5. **Fjölgun félagsmanna.**

Stjórnin hefur hug á að gera kerfisbundið átak til fjölgunar félagsmanna. Árgjald er lágt, aðeins tíu þúsund krónur, en hagsmunirnir miklir og auðvelt að rökstyðja mikilvægi samtakanna. Vill stjórnin hvetja alla félagsmenn til að leggja þessu lið með samtölum við nágretta og aðra á fönnum vegi. Koma má ábendingum um áhugasama á framfæri við formann á netfangið oskar@mo.is. Þá er mikilvægt að safna saman netföngum félagsmanna svo unnt sé að hafa samband við sem flesta með skjótum og ódýrum hætti. gera má ráð fyrir að upplýsingabréf og slík erindi verði einungis send á netföng. Vinsamlega sendið netföng ykkar til Guðrúnar Maríu á netfangið á gudrunm@lre.is

Bestu kveðjur,

Óskar Magnússon, form.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík
Bt. Kristján Þór Júlíusson

Efni: Lokanir svæða fyrir króka- og dragnótaveiðar á grunnslóð

Útgerðum dragnótabáta barst bréf 25 maí síðastliðinn frá Friðriki Halldórssyni erindreka dragnótamanna. Í bréfinu er tilkynnt um starfshóp á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á vegum ráðuneytisins sem hefur haft til umfjöllunar skyndilokarnir svæða fyrir króka- og dragnótaveiðum á grunnslóð.

Dragnótamenn á Snæfellsnesi sem hér rita undir hafna því algjörlega að hafa setið fundi eða haft nokkra vitneskju um þau mál sem hér eru til umfjöllunar. Ekkert samráð hefur verið haft við dragnótaveiðimenn um lokanir veiðisvæða eða gögn sem styðja slíka aðgerðir, engar fundargerðir frá umræddum fundum á sex stöðum á landinu eru aðgengilegar.

Dragnótamenn á Snæfellsnesi fullyrða hér að ekki nokkur samleið sé með aflasamsetningu á dragnótaveiðum annarsvega og nefndum króka veiðum hinsvegar. Því til rökstuðnings,

- *hafa verið framkvæmdar 1 skyndilokun á dragnót á síðastliðnum 5 árum og var hún á Skjálfanda vegna smáfisks en 512 skyndilokanir vegna línu- og handfæra veiða á sama tímabili. (heimild Hafrannsóknarstofnunar)*
- *meðfylgjandi úttekt á sölu þorsks veiddum í dragnót hjá Fiskmörkuðum á Íslandi síðustu 5 ár sýnir að stærðarsamsetning á seldum afla styður álit dragnótarmanna um að ekki sé ástæða til þess að breyta núgildandi reglum um dragnótaveiðar þar sem eingöngu 3,70% af seldum afla er undir 2kg og þá er undirmálsþorskur tekin inn í dæmið sem er 0,87% af heildinni. (þess ber að geta að 1,7-2 kg þorskur getur verið lengri en 55 cm) (heimild Reiknisstofa fiskmarkaðanna)*

Ijóst er að ef þær lokanir sem hér eru til umræðu um dragnótaveiðar á Breiðarfirði ná fram að ganga muni það valda útgerðaraðilum dragnótarbáta það miklu tjóni að ætla má að margir myndu hellast út úr greininni með augljósum afleiðingum fyrir bæjarfélög á Snæfellsnesi.

Í ljósi hverstu málið er aðkallandi óska undirritaðir útgerðarmenn eftir fundi með starfshópnum hið fyrsta.

Hér eru til umfjöllunar eftirfarandi

Svæði 4: *vestast í afmörkuðu hólfi eru malarífs bleyður. Gefur af sér þorsk og ýsu. Mjög vænn fiskur*

Svæði 5: *gefur af sér mestan afla dragnótabáta í Breiðarfirði á hverju ári yfir vetrarmánuði og því gríðarlega áriðandi svæði fyrir útgerðina í þorski, ýsu, ufsa, þykkvalúru, skarkola. Smáfiskur er þar í*

algjöru lágmarki, þvert á móti veiðist þar mikið af vænum og stórum þorski. Mest notaða veiðisvæði í Breiðarfirði

Svæði 6: gefur af sér þorsk, Karfa og skarkola. Smáfiskur veiðist ekki líkt og sölutölur styðja. talsvert notað veiðisvæði

Svæði 7: litur út fyrir að afmarkað hól sé það austarlega (austan selskers) og það er reglugerðarlokun í gildi og allar veiðar óheimilar fyrir utan krókaveiðar.

Svæði 8: gefur af sér mikinn Skarkola og þorsk. Stór skarkoli og stór þorskur veiðist á svæðinu allt árið. Mjög mikið notað veiðisvæði


Svæði 9: gefur af sér aðalega þorks en einnig skarkola á ákvðnum tíma ársins. Mikið notað veiðisvæði á dragnót, sérstaklega á haustmánuðum og sumrin. Meðalvigt á þorsk á bilinu 2-5 kg.

Í bréfinu frá ráðuneytinu er þess óskað að heimamenn aðstoði við afmörkun svæða. Dragnótamenn í Breiðarfirði sjá í raun ekki tilgang þeirra afmarkana þar sem þeir eru algjörlega mótfallnir fyriráætlun um lokanir. Einnig er óskað eftir ályktun heimamanna um tímamörk lokana og á það einnig ekki við um dragnótarveiðar.

Út frá rökum skyndilokana og sölu sem eru lögð fram í þessu bréfi séu sömu rök uppi um landið allt

Fh. Útgerða dragnótabáta í Snæfellsbæ

Aron Baldursson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Íslands hf



Samantekt

Tímabil 01.01.2014 - 27.05.2018

Fisktegund	Stærð	Kg	Undir 2 kg	yfir 2 kg	hlutfall
Þorskur	Óflokkað	30.251	30.251		0,08%
Þorskur	Vélflokkað 0-1,2 kg	13.352	13.352		0,03%
Þorskur	Mþ Bl.smár 1,0-1,3	306	306		0,00%
Þorskur	Mþ Bl.góður 1,4-1,6	211	211		0,00%
Þorskur	Vélflokkað 0-1,7 kg	269.255	269.255		0,67%
Þorskur	Mþ Smár 1,3-1,7	98.135	98.135		0,25%
Þorskur	Vélflokkað 0-2,0 kg	222.786	222.786		0,56%
Þorskur	Mþ Bl.smár 1-2	329	329		0,00%
Þorskur	Vélflokkað 1,2-2,0 kg	95.739	95.739		0,24%
Þorskur	Mþ Bl.smár 1,7-2,0	247.227	247.227		0,62%
Þorskur	Vélflokkað 1,7-2,0 kg	154.444	154.444		0,39%
Undirmálsþorskur	Óflokkað	349.490	349.490		0,87%
Þorskur	Blandað	8.773		8.773	0,02%
Þorskur	Mþ Blandaður 2,0-2,7	474.712		474.712	1,19%
Þorskur	Vélflokkað 2,0-2,7 kg	134.570		134.570	0,34%
Þorskur	Vélflokkað 2,0-3,0 kg	413.345		413.345	1,03%
Þorskur	Mþ Bl.góður 2,7-3,5	2.773.673		2.773.673	6,93%
Þorskur	Vélflokkað 0-4,0 kg	407.277		407.277	1,02%
Þorskur	Vélflokkað 2,0-4,0 kg	573.580		573.580	1,43%
Þorskur	Vélflokkað 2,7-4,0 kg	450.765		450.765	1,13%
Þorskur	Vélflokkað 3,0-5,0 kg	682.136		682.136	1,70%
Þorskur	Mþ Bl.stór 3,5-5	1.676.492		1.676.492	4,19%
Þorskur	Vélflokkað 4,0-7,0 kg	42.418		42.418	0,11%
Þorskur	Vélflokkað 4,0 - 8,0 kg	6.329.966		6.329.966	15,81%
Þorskur	4+	128.016		128.016	0,32%
Þorskur	Stór >5kg	3.840.438		3.840.438	9,59%
Þorskur	5+	2.471.860		2.471.860	6,17%
Þorskur	Stór	6.379		6.379	0,02%
Þorskur	Vélflokkað 5,0-8,0 kg	2.350.017		2.350.017	5,87%
Þorskur	6+	327.005		327.005	0,82%
Þorskur	7+	458.594		458.594	1,15%
Þorskur	Vélflokkað 7+ kg	69.431		69.431	0,17%
Þorskur	8+	1.584.999		1.584.999	3,96%
Þorskur	Vélflokkað 8+ kg	13.345.006		13.345.006	33,34%
	Samtals:	40.030.977		1.481.525	38.549.452
			hlutfall	3,70%	96,30%

Ár	Veiðarfæri	Fjöldi lokana	Öll ár saman	
2009	Lína	75	Lína	647
2009	Dragnót	7	Dragnót	13
2009	Handfæri	0	Handfæri	227
			Net	0
2010	Lína	67		
2010	Dragnót	4	Heildarfjöldi	1063
2010	Handfæri	3		
2011	Lína	44		
2011	Dragnót	0		
2011	Handfæri	13		
2012	Lína	112		
2012	Dragnót	1		
2012	Handfæri	48		
2013	Lína	86		
2013	Dragnót	0		
2013	Handfæri	57		
2014	Lína	69		
2014	Dragnót	1		
2014	Handfæri	12		
2015	Lína	83		
2015	Dragnót	0		
2015	Handfæri	50		
2016	Lína	64		
2016	Dragnót	0		
2016	Handfæri	27		
2017	Lína	47		
2017	Dragnót	0		
2017	Handfæri	17		

Kt	Nafn	Útgengt/Þatur
060150-4949	Björn & Finna	Valafell. Ólafur Björn
300668-4299	Fllugi Ten Jan	Útg. Guðmundur eld
160651-4589	Kristján Janmar	- Matthias SH 21.
091067-4559	Friðbjörgur Steinar	- SAKHAMMAR SH
170983-5729	Ódellur Þorngarsson	- Steinunn SH
1503604559	Ólafur Krúnd	- STEINUNN. SH
190770-5679	Andan Ragnarsson	Esjar SH
261079-4109	Kristinnur Sumarþósson	- Steinunn SH
050991-3269	Magnús Davíð Sigurðsson	- Magnús SH 205
300361-279	Sigurður & Sigurður	- Magnús SH 205
200267-5129	Jens Brynjólfsson	- Egill SH 195
300382-5929	Jon Sigurðsson	- Egill SH-195
116450-2069	Sig. P. Jón	-II- II-
121253-2409	Gutth. Smári Hauksson	Gunnar Bjarnason SH 122
110852-3559	Baldur Þrósdóttir	Rifsvæði SH 70
020667-3629	Þorgerður S. Þorvaldur Sveinbjörn Þorvaldur	<u>SH. 10</u>
24-04-51-2989	Egill Þorvaldur	
18-03-61-2009	Helma Þorvaldur	Guenna Þorvaldur SH-122
290766-5169	Ólafur Arnarson	Bára SH 27



Akureyri, 29. maí 2018
1805024 KBR

Efni: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum

Jafnréttisstofa vill minna sveitarstjórnir á ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem lúta að skyldum sveitarfélaga. Eftirfarandi ákvæði eiga sérstaklega við sveitarfélögin:

- 12. gr. laganna kveður á um að skipa skuli jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar m.a. hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára sem leggja skal fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.
- 15. gr. laganna kveður á um að þess skuli gætt við skipan í nefndir, ráð og stjórnir að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Að auki bera sveitarfélögin skyldur skv. lögnum sem atvinnurekendur og veitendur þjónustu.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út upplýsingaritið *Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál* og er þar að finna hagnýtar upplýsingar um hlutverk sveitarfélaga <http://www.samband.is/media/jafnrettismal/Jafnretti2.pdf>

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>
Velkommið er að leita til stofnunarinnar um leiðbeiningar og aðstoð. Hægt er að hafa samband í síma 460 6200 eða senda fyrirspurnir með tölvupósti í netfangið jafnretti@jafnretti.is

Ýmsar gagnlegar upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.jafnretti.is

Athygli sveitarstjórna er vakin á því að haldnir eru samráðsfundir sveitarfélaga um jafnréttismál hvert haust. Næsti fundur verður í Mosfellsbæ 20. september.

Virðingarfyllst,

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri

Inspectionem ehf.
Ármúla 8, 108 Reykjavík
s. 4615160 inspectionem@inspectionem.is

Reykjavík, 2018-04-27

Bæjarstjórn
Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 HELLISSANDI

Brunavarnaáætlun

Inspectionem ehf. býður sveitarfélögum aðstoð við gerð og endurskoðun brunavarnaáætlana. Auk þess býður fyrirtækið aðra þjónustu við brunavarnir í sveitarfélögum s.s. að annast þau verkefni sem slökkviliðum eru falin samkvæmt 12 gr. laga um brunavarnir og í reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit.

Á heimasíðu Mannvirkjastofnunar kemur fram að brunavarnaáætlun fyrir starfssvæði slökkviliðsins er ekki í gildi.

Inspectionem ehf. getur aðstoðað við gerð:

- áhættumats,
- mats á mannafla- og búnaðarþörf,
- slökkviaætlana og viðbragðsáætlana
- gerð eða endurskoðun brunavarnaáætlunar

Inspectionem ehf. gerir föst tilboð í afmarkaða þætti þeirra gagna sem krafist er vegna endurskoðunar brunavarnaáætlunar eða heildarendurskoðun hennar eftir þörfum hvers slökkviliðs.

Starfsmenn Inspectionem ehf. hafa áður starfað til fjölda ára sem fagstjórar á sviði slökkviliðs og eldvarna hjá Mannvirkjastofnun og hafa mikla reynslu úr málaflokknum. Hafðu samband við undirritaða ef þú vilt að Inspectionem ehf. geri þér tilboð í gerð einhverra þessara þátta eða fyrir gerð eða endurskoðun brunavarnaáætlunarinnar.

Virðingarfyllt,



Elísabet Pálmadóttir

Inspectionem ehf.

Afrit: Slökkviliðsstjóri

Inspectionem

Lilja Ólafardóttir

From: IOGT póstur <iogt@iogt.is>
Sent: 2. maí 2018 22:41
To: iogt@iogt.is
Subject: Til bæjarstjórnar/sveitarstjórnar
Attachments: IOGT Umsögn frumvarp 389 AG-BSE.pdf

Komiði sæl

hér eru upplýsingar sem við viljum koma á framfæri við bæjarstjórn sem tilheyrir umræðu um áfengisútsölur og fréttáflutning af ágangi áfengisíðnaðarins að fá að selja áfengi.

Kveðja
BINDINDI BORGAR SIG
Aðalsteinn Gunnarsson
Framkvæmdastjóri
Bindindissamtökin IOGT á Íslandi
Víkurbær 1, 203 Kópavogur
www.iogt.is
511 1021 - 895 5030

Reykjavík 22. Mars 2018



Efni: Umsögn IOGT á Íslandi um „frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis). 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 389 — 287. mál.“^[1]

IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi og telur að samþykkt þess muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla áfengis veldur. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni og er fíkniefni og eiturlyf. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.^[2]

Bindindissamtökin IOGT vinna mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Frumvarp þetta er í algerrí mótisögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.^[3]^[4] Frumvarpið vinnur gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna, kvenna^[5], jafnréttis og ofbeldis ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna^[6] sem er hluti íslenskra laga.

Í fyrri umsögnum IOGT á Íslandi sem lesa má á vef alþingis, hafa komið fram margar traustar heimildir sem eru gefnar út á ábyrgð viðurkenndra stofnana, innlendra og alþjóðlegra um vandann sem neysla áfengis veldur. Af þeim er ljóst að vandinn vegna neyslu áfengis er gifurlegur og mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess að halda honum í skefjum. Umfram allt eru þær þó staðfesting og áminning um að áfengi er engin venjuleg neysluvara og eðlilegt að um hana gildi um margt annað fyrirkomulag og reglur en ýmsar aðrar vörur.

Hér bætum við þó við nokkrum ábendingum:

Árlega er gefin út af IOGT-NTO og the Swedish Society of Medicine rannsóknarskýrslan „Áfengi og samfélagið“ (Alcohol and Society – a Research Report) og hver skýrsla skoðar afmarkað svið neikvæðra afleiðinga áfengisneyslu og fylgja hér nokkur dæmi:

Árið 2013 var áhersla lögð á áfengisneyslu *ungmenna*. Þar má sjá að neyslan er enn of mikil sem og skaðsemin. Niðurstaðan er að mikilvægt sé að viðhalda einkaleyfi ríkis á áfengissölu, ströngum lögum varðandi ölvunarakstur og háum skatti á áfengi.^[7]

Árið 2014 var áhersla lögð á skaðsemi *hófdrykkju* og sýnt fram á miklu meira tjón af slíkri drykkju en áður var talið.^[8]

Árið 2015 var áhersla lögð á *óbein áhrif* áfengisneyslunnar þar sem kom sterkt fram að neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar er mikið samfélagsmein.^[9]

Árið 2016 var áhersla lögð á *krabbamein*. Þar kemur m.a. fram að nýu tegundir krabbameina eru sterklega orsakatengd áfengisneyslu og í Svíþjóð eru 4,5% krabbameinsdauðsfalla tengd áfengi. Og 30% krabbameinstilfella tengd áfengi eru tengd lítilli eða miðlungs neyslu. Ekki var fjallað um aðra sjúkdóma tengdum áfengi eins og geðsjúkdóma.^[10]

Árið 2017 var lögð áhersla á tengsl áfengisneyslu og *ofbeldis*. Fjallað er um áhrif ofbeldis tengt áfengisneyslu og áhrif þess á heilsuna. Bent er á leiðir til að draga úr ofbeldi og er takmörkun á aðgengi snar þáttur í því.^[11]

Prófessor Tim Stockwell kom til landsins í september 2017 og átti fund með fulltrúum IOGT á Íslandi og stjórnvöldum ásamt fulltrúa Landlæknisembættisins. Tim sagði á ráðstefnunni að flest ríki heims ásamt alþjóðastofnunum ynnu að bættu lýðheilsu og sjálfbærnismarkmiðum og að allar tilslakanir á áfengislöggjöfinni væri óheillaskref sem hefði óafturkræf áhrif á einstaklinga og samfélag. Birt var íslensk þýðing á skýrslu sem unnin var í Svíþjóð um *hver væri ávinningur ríkisreksturs* á smásölu áfengis í Svíþjóð fyrir lýðheilsu og almannaheill. Þar er tekið saman hver væri líkleg aukning á áfengissölu með tilliti til þess að einkasala ríkisins yrði afnumin og kannað hver munurinn er á milli sérverslana og smásöluverslana. Aukningin á áfengisneyslu yrði 20.0% miðað við sölu í sérverslunum og 31.2% miðað við sölu í smásöluverslunum.^[12]

Sterk tengsl eru milli áfengisneyslu og kynbundins ofbeldis. Í samþykktu þingsályktun^[13] um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019 er grein um samstarfsverkefni þriggja ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi. Markmið verkefnisins verði að bæta samvinnu og verklag við ofbeldisforvarnir og að styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála. Auk samvinnu milli stofnana verði rík áhersla lögð á samvinnu við fjáls félagasamtök. Að auka fræðslu- og forvarnastarf sem byggist á rannsóknum og faglegri þekkingu.

Bann við áfengisauglýsingum er ein af meginstöðum forvarna og að leyfa auglýsingar kippir henni í burt. Í frumvarpinu í fyrra (146. löggjafarþing Þingskjal 165) áttu áfengissalar og –framleiðendur að setja sjálfum sér siðareglur en í löndum þar sem slíkar reglur eru, brjóta þeir eigin reglur sífellt. Í þessu nýja frumvarpi eru ýtarlegar takmarkanir á hvernig má auglýsa en hér á landi hefur sannast nú þegar, aftur og aftur að áfengisíðnaðurinn brýtur með einbeittum brotavilja landslög sem gilda um áfengisauglýsingar og hann mun líkast til halda því áfram.^[14]

Vísindatímaritið *Addiction* gaf út í janúar 2017 sérútgáfu sem fjallar um áfengisauglýsingar og kemur þar skýrt fram að áfengisauglýsingar ná sannarlega til barna og ungmenna.^[15]

Í mörgum áfengisauglýsingum eru konur hlutgerðar og í sumum er hreinlega ýtt undir kynbundið ofbeldi.^[16]

Samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu á Íslandi hefur verið reiknaður út í meistararitgerð Ara Matthíassonar 2010 en þar skiptir hann kostnaði í beinan og óbeinan kostnað og er útkoman 50 – 80 milljarðar á ári. ^[17] Reiknað upp til ársins 2018 eru efri mörkin nú yfir 100 milljarðar. Þessi upphæð eykst um 30 milljarða á ári ef frumvarp verður samþykkt.

Ísland er aðili að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. ^[18] Ljóst er að áfengisneysla hefur neikvæð áhrif og hindrar að minnsta kosti 13 af 17 markmiðunum og 52 af 169 undirmarkmiðum. Þetta frumvarp sem yrði til þess að auka áfengisneyslu er í hrópandi ósamræmi við gildandi samþykktir þar um. ^[19] Alþjóðahreyfing IOGT hefur sett saman rit um hvernig áfengi hefur áhrif á markmiðin og vinnur gegn sjálfbærniþróun í heiminum. ^[20] Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að áfengi er stór þáttur í ósmitnæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr áfengisneyslu. ^[21]

Hverra hagsmuna er verið að gæta?

Per Leimar, sérfræðingur IOGT í Svíþjóð um markaðssetningu áfengis, segir áfengisíðnaðurinn beita óeðlilegum þrýstingi á stjórnvöld og tekur sem dæmi afskipti Costco af atkvæðagreiðslu um áfengislög í Washington ríki í Bandaríkjunum. ^[22]

Í skýrslu velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. ^[23] kemur skýrt fram „Stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og þar með ofbeldi sem tengist henni. Áhrifaríkustu forvarnir eru verðstýring og takmarkað aðgengi að áfengi.“

Þann 16. mars 2017 sagði Þorsteinn Víglundsson þáverandi félags og jafnréttismálaráðherra á ráðstefnu UN women í verkefni HeForShe „We strongly encourage men and boys everywhere to become agents of change.“ Þar talaði hann um að vinna skuli að jafnrétti. Aukið aðgengi að áfengi er ekki rétta leiðin til þess samkvæmt aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar. Aukin neysla áfengis mun alltaf bitna meira á konum hvað varðar neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar. ^[24]

Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um biðlista á Vogu frá Sigurði Páli Jónssyni ^[25] svarar heilbrigðisráðherra því að á biðlista séu 570 á Vogu, 20 á Landsspítala og 50 á Hlaðgerðarkoti. Hér er ekki rædd staða á börnum og ungmennum sem fá aðstoð annarsstaðar. Á árinu 2018 fær SÁÁ 840 milljónir. ^[26] Í frétt frá SÁÁ kemur fram að það dugir ekki einu sinni fyrir launakostnaði. ^[27] Ljóst er að með því að auka aðgengi og leyfa áfengisauklýsingar aukast neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar. Það vinnur gegn lýðheilsu markmiðum. Ekki má gleyma að hér er um manneskjur að ræða. ^[28]

Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvort tekið sé tillit til forvarna og lýðheilsu frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur ^[29] svarar heilbrigðisráðherra því til að sérstök áhersla sé lögð á forvarnir og lýðheilsu. ^[30]

Embætti Landlæknis gaf út í febrúar 2018 Talnabrunn ^[31] þar sem kemur fram að skaðlegt neyslumynstur sé árið 2017 hjá 40.000 körlum og 33.000 konum. Hér er mæld skaðleg neysla samkvæmt skilgreindum mælikvarða. Æ fleiri nýjar rannsóknir benda til þess að hvers kyns neysla sé skaðleg að einhverju leyti sbr. hjarta, æðarsjúkdómar og krabbamein.

IOGT á Íslandi er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi og er það markmið IOGT að draga sem mest úr neikvæðum afleiðingum neyslu áfengis og annarra vímuefna. Við teljum að áfengis og vímuvarnastefnan á hverjum tíma eigi að þjóna heildarhagsmunum samfélagsins og byggja á traustum rannsóknum. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Kostnaðurinn við að hefta aðgang að kannabis er lítill miðað við þann kostnað sem hlýst af neyslu. Áfengis og vímuefnastefna okkar er sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Ef kannabisiðnaðinum tekst að veikja hana á Íslandi mun hann nota það til að veikja forvarnir í öðrum löndum.

Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Björn Sævar Einarsson Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <http://www.althingi.is/altxt/148/s/0389.html>

[2] http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf

[3] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[4] <http://www.mbl.is/media/34/10134.pdf>

[5] <https://www.unric.org/is/frettir/27159-sameinueu-tjoenum-ber-ae-vera-oerum-fyrirmynd>

[6] <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheilardartexti.html>

[7] <http://iogt.se/wp-content/uploads/forskningsrapport-eng-20131.pdf>

[8] <http://iogt.se/wp-content/uploads/Alkoholrapport-2014-ENG.pdf>

[9] http://iogt.se/wp-content/uploads/Alcohol_and_society2015_en.pdf

[10] <http://iogt.se/wp-content/uploads/Alkoholrapport-2016-2017-Engelska1.pdf>

[11] http://iogt.se/wp-content/uploads/IOGT-3300-Rapport_ENG.pdf

[12] https://issuu.com/fraedslaogforvarnir/docs/systembolaget_study_2017_icelandic

- [13] <http://www.althingi.is/altext/145/s/1640.html>
- [14] <http://www.althingi.is/lagas/146a/1998075.html>
- [15] <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/add.v112.S1/issuetoc>
- [16] <http://www.bigalcohol.exposed/#marketing>
- [17] <https://saa.is/wp-content/uploads/2015/03/ritgerd-ara-matthiassonar.pdf>
- [18] <https://www.unric.org/is/component/content/article/62-januar-2015/26384-17-sjalfbaer-trounarmarkmie>
- [19] <http://iogt.org/news/2017/06/25/13-sdgs-52-targets-affected-alcohol/>
- [20] <http://iogt.is/2018/03/22/alcohol-and-the-sustainable-development-goals/>
- [21] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>
- [22] <http://www.jsad.com/doi/full/10.15288/jsad.2016.77.577>
- [23] <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1214.pdf>
- [24] <https://heforshe.is/barbershop-verkfaerakistan-kynnt-hofudstodvum-sameinudu-thjodanna/>
- [25] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0172.html>
- [26] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0300.html>
- [27] <https://saa.is/grein/framlog-rikisins-duga-ekki-fyrir-launum/>
- [28] <https://www.unric.org/is/frettir/27157-aeins-sjoetti-hver-fikill-hefur-aegang-ae-meefere>
- [29] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0275.html>
- [30] <http://www.althingi.is/altext/raeda/148/rad20180226T172757.html>
- [31] <https://www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item34462/>